



Uppgjör Landsbankans Janúar - september 2022

Fréttatilkynning 27. október 2022

Fréttatilkynning 27. október 2022

Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2022

- Hagnaður Landsbankans á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 var 11,3 milljarðar króna, þar af 5,8 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi.
- Arðsemi eiginfjár á fyrstu níu mánuðum ársins var 5,6% og var 8,5% á þriðja ársfjórðungi. Lækkun á gangvirði hlutabréfaeignar bankans hefur dregið úr arðsemi á árinu.
- Hreinar þjónustutekjur jukust um 14,3% á milli ára einkum vegna vaxandi umsvifa í eignastýringu og markaðsviðskiptum.
- Hreinar vaxtatekjur jukust um 17,6%, aðallega vegna stærra útlánasafns og herra vaxtastigs.
- Rekstrarkostnaður bankans sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna er nú 1,3% og hefur aldrei verið lægri.
- Kostnaðarhlutfall sem hlutfall af tekjum var 48,9% á fyrstu níu mánuði ársins og var 43,2% á þriðja ársfjórðungi.
- Reiknað skatthlutfall fyrir fyrstu níu mánuði ársins er 40,4% samanborið við 19,0% fyrir sama tímabil 2021. Hagnaður fyrir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins var 19,0 milljarðar króna og reiknaðir skattar 7,7 milljarðar króna. Upplýsingar um heildarskattgreiðslur vegna ársins 2022 munu koma fram í ársuppgjöri.
- Um fjórðungur af nýjum bílalánnum á þriðja ársfjórðungi var vegna rafmagnsbíla og hlutfallið fer hækkandi.
- Frá því að verðbréfin komu í appið hafa viðskipti með verðbréf í sjálfsafgreiðslu aukist mikið. Í um 90% tilfella eru áskriftir að sjóðum og verðbréfasamningar gerðir í appinu eða netbankanum.

Á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 námu hreinar vaxtatekjur 33,6 milljörðum króna samanborið við 28,6 milljarða króna á sama tímabili árið áður, sem er 17,6% hækkun á milli tímabila. Hreinar þjónustutekjur Landsbankans námu 7,9 milljörðum króna samanborið við 6,9 milljarða króna á sama tímabili árið áður. Aðrar rekstrartekjur voru neikvæðar um 3,8 milljarða króna en voru jákvæðar um 10,2 milljarða króna á sama tímabili árið 2021. Virðisbreytingar útlána eru jákvæðar um 2,7 milljarða króna samanborið við jákvæðar virðisbreytingar útlána upp á 3,8 milljarða króna á sama tíma á síðasta ári. Skýringin felst aðallega í því að ekki er lengur talin þörf á viðbótar safnframlagi í virðisrýmunarsjóð útlána vegna óvissu um endanleg áhrif heimsfaraldurs Covid-19.

Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu eigna nam 2,6% á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 samanborið við 2,3% hlutfall og á sama tímabili árið áður.

Rekstrarkostnaður bankans var 17,1 milljarður króna á tímabilinu samanborið við 17,5 milljarða króna á sama tímabili árið áður. Þar af voru laun og launatengd gjöld 10,5 milljarðar króna samanborið við 10,7 milljarða króna á sama tímabili árið áður. Annar rekstrarkostnaður var 6,7 milljarðar króna, sama fjárhæð og á sama tímabili árið áður.

Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 var 48,9%, samanborið við 41,7% á sama tímabili árið 2021.

Heildareignir bankans jukust um 41,3 milljarða króna á tímabilinu og námu 1.771 milljarði króna 30. september 2022. Útlán jukust um 108,9 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2022. Í lok september 2022 voru innlán frá viðskiptavinum 968,0 milljarðar króna, samanborið við 900,1 milljarð króna í árslok 2021, og höfðu því aukist um 67,9 milljarða króna.

Eigið fé Landsbankans var 273,4 milljarðar króna þann 30. september sl. og eiginfjárlutfall alls var 24,2%.

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir:

„Þjónustutekjur bankans hafa vaxið umfram áætlanir, aðallega vegna meiri umsvifa og aukinnar markaðshlutdeildar, og vaxtatekjur bankans af stærra útlánasafni eru góðar. Um leið fer kostnaður lækkandi og hefur rekstrarkostnaður sem hlutfall af heildartekjum aldrei verið lægri. Áfram leiða neikvæð áhrif vegna gengislækkunar á óskráðum hlutabréfum til þess að arðsemin á árinu er lægri en við stefnum að. Að þeim sveiflulið frátöldum er uppgjör bankans mjög gott og staða bankans sterk á öllum sviðum.

Ánægja viðskiptavina með þjónustuna er mikil og það segir sína sögu að nánast samfelld frá árinu 2018 hafa markaðsrannsóknir sýnt að flestir mæla með Landsbankanum. Það skiptir okkur meginmáli að geta boðið viðskiptavinum góð kjör og um leið skilað góðri og jafnri afkomu. Á sama tíma er ekki hægt að líta fram hjá því að fjármögnunarkjör sem bankinn nýtur eru að hækka, samkeppni um innlán er að aukast og ávöxtunarkrafa skuldabréfa er mun hærri en áður. Við höfum mætt aukinni samkeppni um innlán einstaklinga með því að bjóða 5,25% vexti á mánuði þegar sparað er í appi. Í appinu geta viðskiptavinir líka keypt og selt í sjóðum Landsbréfa og átt viðskipti með innlend hlutabréf á aðalmarkaði og First North. Það hefur því aldrei verið eins auðvelt að fjárfesta og spara í appinu.

Fyrirtækjaráðgjöf bankans hefur náð góðum árangri og komið að mörgum vel heppnuðum verkefnum á árinu. Við erum stærsti lánveitandinn á íslenskum fyrirtækjamarkaði og með öflugri fyrirtækjaráðgjöf getum við betur uppfyllt ólíkar þarfir fyrirtækja. Á fyrstu níu mánuðum ársins jukust fyrirtækjaútlán um 53 milljarða króna og mikill vöxtur er í bíla- og tækjafjármögnun fyrirtækja. Þá erum við sem fyrr umsvifamikil í fjármögnun íbúðabygginga og leggjum þannig okkar af mörkum til að stuðla að auknu framboði á nýju húsnæði fyrir stækkandi samfélag. Þrátt fyrir hækkandi vaxtastig erum við áfram sterkur lánveitandi á byggingarmarkaði. Við sjáum líka að það er góður gangur í útflutningsgreinum, ferðaþjónustunni þar á meðal, en við finnum að stjórnendur fyrirtækja hafa varann á sér þegar taka á ákvarðanir um miklar fjárfestingar. Óvissan í efnahagsmálum er vissulega töluverð en eins og nýútkomin hagspá bankans sýnir er líka ástæða til bjartsýni. Hagvöxtur er góður og efnahagshorfur hér á landi eru mun betri en í flestum nágrannaríkjum okkar. Þá eru vanskil í sögulegu lágmarki.

Við hugsum ávallt til framtíðar og leggjum áfram mikla áherslu á sjálfbærni. Á sjálfbærniþingi Landsbankans í september fengum við nokkur öflug fyrirtæki til að kynna hvernig byggingargeirinn og fyrirtæki í flutningum og sjávarútvegi geta aukið sjálfbærni í sínum rekstri. Með því að veita sjálfbærni-merki Landsbankans til verkefna og fyrirtækja sem standast kröfur um sjálfbærni viljum við einnig vekja athygli á því sem vel er gert.

Eins og töluvert hefur verið fjallað um undanfarið er alltof algengt að einstaklingar og fyrirtæki verði fyrir tjóni af völdum netglæpa. Í október tókum við þátt í átaki um aukið netöryggi með því að halda tvo fræðslufundi, annars vegar fyrir eldri borgara og hins vegar fyrir fyrirtæki. Til viðbótar við fræðslu og öflugt samstarf á innlendum og alþjóðlegum vettvangi til margra ára uppfyllir bankinn strangar öryggisvottanir í netöryggismálum.

Fjárhagsstaða bankans er sterk og eiginfjárstaðan er mjög góð, sérstaklega ef hún er borin saman við erlenda banka, og hún er umtalsvert hærri en kröfur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Það er ákveðin áskorun að ávaxta svona mikið eigið fé en góður rekstur bankans hefur gert okkur kleift að greiða um 20 milljarða króna á árinu í arð til eigenda. Við höldum okkar striki við að reka bankann vel og mæta þörfum viðskiptavina. Lausnir og þjónusta sem bankinn býður byggja á því að hann hefur á að skipa

frábæru starfsfólki sem er tilbúið til að leggja mikið á sig til að takast á við nýjar áskoranir og örar breytingar. Við þökkum traustið og viðskiptin og tökum vel á móti ykkur, á starfsstöðvum um allt land, í appi, í síma og í netspjalli. Gagnkvæmt traust og mannleg sýn á bankaviðskipti standa alltaf fyrir sínu.“

Helstu atriði úr rekstri á þriðja ársfjórðungi (3F) 2022

Rekstur:

- Hagnaður Landsbankans á 3F 2022 nam 5,8 milljörðum króna samanborið við hagnað upp á 7,5 milljarða króna á sama ársfjórðungi árið 2021.
- Arðsemi eiginfjár var 8,5% á 3F 2022, samanborið við 11% á sama ársfjórðungi árið á undan.
- Hreinar vaxtatekjur á ársfjórðungnum voru 12,2 milljarðar króna en þær námu 9,6 milljörðum króna á 3F 2021.
- Virðisbreyting útlána og krafna var jákvæð um 2,6 milljarða króna á 3F 2022 samanborið við jákvæða virðisbreytingu upp á 1 milljarð króna á 3F 2021.
- Hreinar þjónustutekjur námu 2,5 milljörðum króna, sem er jafnmikið og á sama tímabili árið áður.
- Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu eigna var 2,8% á 3F 2022 en var 2,3% á sama tímabili árið áður.
- Laun og launatengd gjöld námu 3,1 milljörðum króna samanborið við 3,2 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2021.
- Rekstrarkostnaður að frátöldum launum og launatengdum gjöldum nam 2,1 milljarði króna á 3F 2022 samanborið við 2,2 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2021.
- Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) á 3F 2022 var 43,2%, samanborið við 37,9% á sama ársfjórðungi árið á undan.
- Stöðugildi hjá Landsbankanum þann 30. september 2022 voru 824 en voru 837 á sama tíma fyrir ári.

Efnahagur:

- Eigið fé Landsbankans nam 273,4 milljörðum króna í lok september 2022.
- Eiginfjárlutfall bankans (e. total capital ratio) þann 30. september 2022 var 24,2% en var 26,6% í lok árs 2021. Það er verulega umfram 20,8% eiginfjárviðmið Fjármálaeftirlits Seðlabankans.
- Heildareignir bankans námu 1.771 milljörðum króna í lok september 2022.
- Útlán jukust um 108,9 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2022. Útlán til einstaklinga jukust um 57 milljarða króna en útlán til fyrirtækja jukust um 52 milljarða króna.
- Innlán viðskiptavina námu 968,0 milljörðum króna í lok september 2022, samanborið við 900,1 milljarða króna í lok árs 2021.
- Bankinn fylgist náið með og stýrir lausafjárahættu sinni í heild, í erlendum myntum og í íslenskum krónum. Lausafjárlutfall bankans (e. liquidity coverage ratio) var 147% í lok september 2022 samanborið við 179% í lok árs 2021.
- Heildarvanskil fyrirtækja og heimila voru 0,2% af útlánum.

	9M 2022	9M 2021	3F 2022	3F 2021
Fjárhæðir í milljónum króna				
Hagnaður eftir skatta	11.320	21.597	5.763	7.492
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	5,6%	10,9%	8,5%	11,0%
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu eigna	2,6%	2,3%	2,8%	2,3%
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) *	48,9%	41,7%	43,2%	37,9%
	30.9.2022	30.9.2021	31.12.2021	31.12.2020
Heildareignir	1.771.128	1.718.358	1.729.798	1.564.177
Útlán til viðskiptavina	1.496.347	1.375.536	1.387.463	1.273.426
Innlán frá viðskiptavinum	967.965	869.463	900.098	793.427
Eigið fé		275.344	282.645	258.255
Eiginfjárlutfall alls	24,2%	24,9%	26,6%	25,1%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	142%	122%	142%	132%
Heildarlausafjárþekja	147%	172%	179%	154%
Lausafjárþekja erlendra mynta	204%	443%	556%	424%
Vanskilahlutfall (>90 daga)	0,2%	0,3%	0,3%	0,8%
Stöðugildi	824	837	816	878

* K/T = Rekstrargjöld alls/(Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána)

Fjárhagsdagatal Landsbankans

Ársuppgjör 2022	2. febrúar 2023
Aðalfundur	22. mars 2023
Uppgjör 1F 2023	4. maí 2023
Uppgjör 2F 2023	20. júlí 2023
Uppgjör 3F 2023	26. október 2023
Ársuppgjör 2023	1. febrúar 2024